

Mál nr. 26/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar

**Maður meiddist þegar gifsplötur gáfu sig. Ágreiningur um sönnun tjónstilviks. þ.
16.12.2010.**

Gögn.

1. Málskot móttekið þ.18.1.2013 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 11.2.2013 ásamt fylgiskjölum vegna tölvupóstssamskipta.

Málsatvik.

M segist hafa verið staddur í iðnaðarhúsi hjá kunningja sínum þegar festingar er héldu gifsplötum upp við vegg gáfu sig og féllu í höfuð hans. M leitaði til læknis þ.16.2.2011 og var skv. læknisvottorði með verki yfir sjalvöðva og hnakkfestum báðum megin auk fleiri áverka. M krefst bóta og vísar m.a. til vitnisburðar tveggja vitna um atvikið. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi lent í slysi sem sé bótaskylt úr slysatryggingu hans V vísar til að M hafi ekki leitað til læknis fyrir en tveim mánuðum eftir tjónsatburðinn. Þá vísar V til þess að eftir að afstaða félagsins lá fyrir hafi verið lagðar fram yfirlýsingar tveggja aðila sem séu sögð vitni í málinu. Þá telur V vera um ósamræmi í upplýsingagjöf M um atvik málsins. Þá vanti upplýsingar um annan þeirra aðila sem sögð séu vitni í málinu og tengsl hans við það húsnæði þar sem slysið hafi átt að eiga sér stað.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn hefur M ekki tryggt sér sönnun þess, að um bótaskylt tjón sé að ræða, úr slysatryggingu hans hjá M. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 26.2.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.